



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnæssýslu**



Fundur nr. 1 – 16.08.2022

1. fundur Oddvitanefndar uppsveita Árnæssýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi, þriðjudaginn 16. ágúst 2022 kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Hnitsetninga jarðarinnar Laugarás.

Á fundi oddvitanefndarinnar þann 3. mars 2022 var ákveðið að hnitsetja jörðina Laugarás. EFLA hefur síðan þá unnið að hnitsetningu jarðarinnar Laugarás og er sú vinna langt komin. Mun afrakstur vinnunnar verða sá að til verður lóðarblað með nákvæmum upplýsingum um stærð og landamerki jarðarinnar Laugarás. Jafnframt er verið að vinna að hnitsetningu á öllum lóðum sem stofnaðar hafa verið úr jörðinni.

2. Samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás.

Fyrir liggur að samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás er til loka árs 2022. Samþykkt samhljóða að formaður vinni málið áfram og leggi fram drög að endurskoðuðum samningi á næsta fundi.

3. Grenndarkynningar í tengslum við jörðina Laugarás.

Nýlega fór Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. að nýta sér heimild í lögum nr. 105/2021 um birtingu kynningargagna á island.is og því koma grenndarkynningar nú orðið í gegnum island.is.

4. Erindi um hjólastíga.

Framkvæmda- og veitunefnd Bláskógabyggðar lagði til á ágústfundi sínum 2022 að erindi Valdimars Jónssonar, dags. 21.06.2022, varðandi hugmynd um lagningu hjólastíga á Suðurlandi yrði tekið til skoðunar innan oddvitanefndar. Greinargerðin var send Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þar sem hjólastígar hafa verið teiknaðir á kort. Umræða var um málið.

5. Byggðarþróunarfulltrúi.

Nefndarmenn sátu kynningu frá Þórði Frey Sigurðssyni þann 16. júní, á aukaáðalfundi SASS, um Þróunarsvið SASS. Þar kom fram að það er einn byggðarþróunarfulltrúi í hlutastarfi að sinna Uppsveitunum ásamt Hveragerði, Ölfus, Árborg og Flóahreppi. Miðað við þá miklu þróun sem hefur átt sér stað á svæðinu undanfarin ár telja nefndarmenn að þörf sé á að auka þetta starfshlutfall.



**Fundargerð
Oddvitaneftndar
uppsveita Árnæssýslu**



Fundur nr. 1 – 16.08.2022

Samþykkt samhljóða að senda erindi á Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og óska eftir að SASS leggi til byggðarþróunarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnæssýslu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:45.